



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Fundargerð Skólanefnd

12. fundur

Skólanefndarfundur haldinn í Reykjahlíðarskóla 12. mars 2012 kl: 15:30

Mætt voru: Puríður Helgadóttir formaður sem ritar fundargerð, Eyþór Pétursson, Þórhalla Valgeirsdóttir og Sigurður Böðvarsson. Sólveig Jónsdóttir skólastjóri Reykjahlíðarskóla situr 2. lið fundarins, Þóra Ottósdóttir leikskólastjóri 3. lið fundarins og Svavar Sigurðsson skólastjóri tónlistarskólans 4.lið fundarins. Auður Jónsdóttir fulltrúi kennara situr 1. lið og Sigríður Sigmundsdóttir fulltrúi foreldra situr 1. – 5. lið fundarins

1. Fundur settur.

- Reykjahlíðarskóli.** Sólveig kynnir samstarfsverkefni Borgarholtsskóla, Raufahafarskóla og Reykjahlíðarskóla. Verkefnið gengur út á að börnin fari á milli á vorin og vinni verkefni á hverjum stað. Einnig hefur komið boð til 4.-7.-.bekkjar um að heimsækja Skálftasetrið nú í vor. Skákmót var í síðustuviku. Þátttaka í skólahreysti, Laugamót, upplestrarkeppni 7.bekkjjar og skíðadagur eru framundan. Skólaakstur næsta árs. Fyrirséð er að skoða þarf breytingar á skólaakstri fyrir næsta ár. Sólveig mun koma með tölulegar upplýsingar inn á næsta fund.
- Leikskólinn Ylur.** Þóra gerir grein fyrir þeim fundi sem hún, formaður skólanefndar, Hulda Harðardóttir og sveitastjóri sátu 27.febrúar sl. Fundurinn var vegna óskar sveitastjórnar um að athuga með hvort hægt væri að koma til móts við þá foreldra sem þurfa vistun fyrir börnin sín þær vikur sem lokun leikskólans stendur yfir. Á þeim fundi var ákveðið að Þóra gerði könnun um hversu mörg börn þyrfti á þessu að halda. Send voru út 14 bréf vegna 20 barna. Foreldrar 5 barna skiluðu inn ósk um aukinn tíma og settu jafnframt inn þann tíma sem barnið yrði tekið í leyfi. Skólanefnd vonast til þess að hægt verði að koma til móts við óskir þessara foreldra á einhvern hátt. Einnig vill skólanefnd minna á að leysa þarf í tíma sumaropnun leikskólans2013.

4. **Tónlistarskólinn.** Svavar kom með tölur um nemendafjölda undanfarinna ára. Ekki næst á vorönn að- fylla kennsluskyldu tónlistarskólastjóra sem eru 15 klst á viku. Svavar tók þá upp á því að fara á leikskólann til að nýta þann tíma sem ekki er nýttur til einkakennslu. Umræður urðu um hvert framhaldir ætti að vera. Hvað á að bjóða uppá? Er betra að fara í aukið samstarf við næstu sveitarfélög t.d. Húsavík? Einnig varð umræða um hvort ætti að taka upp blokkflautukennslu í 1.og 2.bekk eins og var hér áður, og reyna þannig að auka áhuga á tónlistarnámi. Skólanefnd leggur til að tekin verði upp blokkflautukennsla í yngsta kennsluhóp grunnskólans a.m.k. eina kennslustund á viku. Einnig leggur skólanefnd til að farið verði í aukið samstarf við nággranna sveitarfélög með kennaraskiptum milli tónlistarskóla.
5. **Skólastefna sveitafélaga.** Skólanefnd sér ekki að ástæðu til kalla aðra að málinu nema skólastjórnendur. Stefnid verður að því að uppkast skólastefnu verði til í lok þessa árs.
6. **Önnur mál.** Engin mál voru undir þessum lið.

Fundi slitið 17:50
Puríður Helgadóttir
Eyþór Pétursson
Þórhalla Valgeirsdóttir
Sigurður Böðvarsson